

Fundargerð 381. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 5. febrúar, kl. 16.15 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður
 - Staðan
 - Vætanleg fundahöld vegna kjarabaráttu
4. Drög að uppfærðum lögum félagsins
5. Drög að uppfærðum reglum sjóða SLFÍ
 - Starfsmenntasjóðs
 - Orlofssjóður
 - Vinnudeilu og verkfallssjóður
 - Minningar og styrktarsjóður
 - Félagssjóður

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur
Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. Kjaraviðræður
 - SBF fór yfir að baráttufundurinn í Háskólabíói hafi gengið vel og verið vel sóttur, einnig hafi verið ágætlega sótt víða um landið.
 - SBF gerði grein fyrir að drögin að reiknilíkani varðandi styttingu vinnuviku vaktavinnufólks væri í skoðun og að mjög margir áhrifaþættir kæmu þar inn

varðandi útkomu hvers og eins. Búið er að funda í tvígang þ.s. mismunandi forsendur eru settar inn í líkanið og niðurstöður skoðaðar og greindar. Málið verður áfram skoðað og unnið að framgangi þess sem betur má fara að áliti félagsins/kjaramálanefndar. Töluverð umræða var um kosti og galla þeirra breytinga sem verið er að skoða samhliða styttingu vinnuvikunnar. SBF velti einnig fyrir sér hvernig afgreiða ætti styttingu vinnuvikunnar ef samkomulag næðist um þá framkvæmd.

- SBF fór yfir að enn væri vinna í gangi varðandi orlofsmál og samþættingu vinnu og fjölskyldulífs.
- Hluti af „aðgerðahóp“ BSRB fundaði í vikunni þ.s. rætt var um eftirfylgni fundarins í Háskólabíói. Fram kom þar að stéttarfélögin innan BSRB, sem semja við sveitarfélögin eru með aðalfund í þessari viku og munu þar taka ákvörðun um næstu skref varðandi aðgerðir. Ákveðið var að bíða eftir niðurstöðu þeirrar umræðu varðandi þrýsting á stjórnvöld og taka þá umræðu á Samningseiningafundi BSRB á morgun fimmtudaginn 6. febrúar.
- SBF gerði grein fyrir að fundurinn með sjúkraliðum sem haldinn var í Hringsal á LSH, mánudaginn 27. janúar hafi verið ágætlega sóttur og umræðan áhugaverð.

4. Drög að uppfærðum lögum félagsins staðfest

Farið var yfir breytingar/breytingartillögur sem gerðar voru á lögum félagsins á síðasta vinnufundi framkvæmdastjórnar SLFÍ og þær ræddar og lögð lokahönd á tillögurnar fyrir næsta félagsstjórnarfund.

5. Drög að uppfærðum starfsreglum sjóða staðfest

Farið var yfir endurskoðaðar/uppfærðar úthlutunar- og starfsreglur sjóða félagsins, sem verða síðan kynntar á næsta þingi félagsins.

- Úthlutunar og starfsreglur Starfsmenntasjóða SLFÍ
 - Uppfærðar voru reglur:
 - Orlofssjóðs
 - Vinnudeilu- og verkfallssjóðs
 - Minningar- og styrktarsjóðs
 - Félagssjóðs

Önnur mál

Fundi slitið kl. 18.34